

ÞÓKNUNARKERFIÐ



NU SKIN[®]
THE DIFFERENCE. DEMONSTRATED.™



Nu Skin® er hinn mælanlegi munur.

Með því að ganga til liðs við þig munum við halda áfram að skilgreina okkur sem sanna leiðtoga í alþjóðlegri þóknun.

Markmið okkar er kristaltært

Að verða stærsta fyrirtækið í beinni sölu með því að veita meiri innkomu fyrir dreifingaraðila okkar en nokkuð annað fyrirtæki.



Mikilvæg atriði:

- Vinsamlegast skoðið Glósur sem eru útlistaðar innan á kápunni til þess að sjá útskýringar á hugtökum sem notuð eru í þessum bækling.
- Þóknunar og sölubónusar eru aðeins borgaðir til virkra dreifingaraðila. Til að uppfylla skilyrði um mánaðarlegan bónus frá fyrirtækinu verður þú að hafa minnst 100 PSV (Personal Sales Volume). Til viðbótar verða dreifingaraðilar í LOI-mánuði og þeir sem ofar eru að hafa sjálfvirka pöntun (ADR) sem inniheldur a.m.k. 50 PSV eftir afslátt í heildar PSV. Allir bónusar og þóknunar krefjast einnig smásölu til a.m.k. fimm einstaklinga mánaðarlega.
- Þú verður að halda allar skrár yfir smásölu í a.m.k. fjögur ár. Fyrirtækið fylgist með heldni smásölu af handahófi. Hver vara sem keypt er í gegnum ADR af aðila sem ekki er dreifingaraðili eða neytandi mun sjálfkrafa verða talin mánaðarlega til smásölu. Engir bónusar eru greiddir fyrir skráningu nýliða. Eina leiðin til að vinna sér inn bónusa er sala vöru.
- 80% PSV verður að seljast eða notast áður en þú leggur inn nýja pöntun.
- Allir bónusar eru reiknaðir út mánaðarlega og lagðir inn í kringum 25. næsta mánaðar.
- Að koma sér upp skilmerkilegri þóknun sem dreifingaraðili krefst tíma, fyrirhöfn og skuldbindingu. Það er engin trygging fyrir fjárhagslegum ávinningi, aðeins umbun sem byggist á framléidni.
- Vinsamlegast hafðu samband við fyrirtækið ef þú vilt fá upplýsingar um meðaltekjur dreifingaraðila á öllum stigum.

Þú skalt biðja um skjal nefnt “Samtals þóknunar fyrir dreifingaraðila”.

- Einu kaupin sem skylt er að gera til að verða dreifingaraðili er innskráningargjald eða sjálfkrafa pöntun (ADR). Öll vörukaup eru valfrjál.
- Fyrirtækið notar gjaldeyrisgengisbreytu (Exchange Rate Multiple (ERM)) til þess að breyta sölupunktum í þóknun í það gengi sem á við. ERM er notað til þess að aðlaga sölupunkta þína frá söluhóp þínum til þóknunar, sem er greidd út í þínum gjaldmiðli. ERM er staðlað gengi erlendra gjaldmiðla gegn bandaríkjadal sem er aðalgjaldmiðill Nu Skin Enterprises (NSE).

Kröfurnar sem teknar eru fram í þóknunarkerfinu eiga einnig við fyrir þá dreifingaraðila sem áður en ADR-kerfið tók í gildi þann 1.september 2009 voru með gamla ADP-áskriftarpöntun sem inniheldur a.m.k. 50 PSV fyrir afslátt í heildar PSV.

1. SKREF – AÐ HEFJAST HANDA


SMÁSÖLUPÓKNUN, PUNKTAPÓKNUN OG HRÖÐ BYRJUN-GREIÐSLUR

Til þess að gerast NSE dreifingaraðili verður þú að fylla út og undirskrifa dreifingaraðilasamning. Ef þú hefur einhverjar spurningar skaltu spyrja þann aðila sem kynnti fyrir þig viðskiptin eða hafðu samband við þína Nu Skin Enterprises staðarskrifstofu til að fá frekari upplýsingar.

SMÁSÖLUPÓKNUN

Dreifingaraðilar geta keypt vörur frá fyrirtækinu með talsverðum afslætti og selt þær til viðskiptavina sinna á smásöluverði. Fyrirtækið hefur leiðbeinandi smásöluverð fyrir hverja einustu vöru. Allir dreifingaraðilar eru sjálfstæðir verktakar og er því frjálst að koma á sínum eigin smásöluverðum.

Þín NSE Dreams vefsíða er frábært tæki á netinu til að greiða fyrir sölu um heim allan. Fyrir hvern viðskiptavin sem þú beinir að þinni NSE Dreams vefsíðu munt þú þéna þóknun fyrir hver kaup sem gerð eru á síðunni jafnframt heldur þú allt að 30% af smásöluágóða (fyrirtækið heldur 15% ágóðans til að kosta afgreiðslu- og sendingarkostnað pantananna). Allar smásölupantanir í gegnum NSE Dreams vefsíðuna eru seldar á leiðbeinandi smásöluverði.



PUNKTAPÓKNANIR

Skráðu inn persónulega dreifingaraðila og neytendur til þess að þú getir þénað 5% þóknun á fyrstu hæð þinni. Þetta er betur þekkt sem fyrstu hæðar (L1) bónus*. NSE hefur ætlað hverri vöru ákveðið punkttagildi. Samtals punktafjöldi, bæði frá þér, þínum dreifingaraðilum og þínum neytendum er mikilvægur fyrir þóknanir. Til að eiga rétt á fyrstu hæðar bónus mánaðarlega verður þú að hafa 100 PSV og a.m.k. fimm smásölupantanir á hverjum mánuði.

* L1 Bónus er ekki greiddur af PSV hjá dreifingaraðilum sem hafa rúllað upp eða neytendum á 1. hæð.

HRÖÐ-BYRJUN VÖRUPAKKAR – AUKTU VIÐ TEKJUR ÞÍNAR

Þú færð Hröð-Byrjun greiðslur (frá Hröð-Byrjun vörupökkunum) þegar þú endurspeglar viðskipti þín, þ.e. þegar dreifingaraðilar þínir og smásöluviðskiptavinir kaupa Hröð-Byrjun pakka frá fyrirtækinu* munt þú þéna Hröð-Byrjun greiðslur.

Hröð-Byrjun vörupakkar eru hannaðir til koma nýjum dreifingaraðilum á fullt skrið: þeir innihalda ýmsar af þeim best seldu vörum hjá NSE í einum þægilegum pakka á aðlaðandi verði og til viðbótar bjóða þeir upp á möguleika á auka innkomu. Það sigr allir þegar Hröð-Byrjun vörupakki er seldur.

Sjáið dæmið hér að neðan:

Dreifingaraðilar og neytendur sem þú hefur sjálf/ur skráð inn kaupa pakka beint frá fyrirtækinu	
- €250	Dreifingaraðili greiðir verðið fyrir vörupakkann
- 200 PSV	Það fær dreifingaraðilinn
- €50	Hröð-Byrjun greiðsla er greidd til þín

* Innihald, verð, PSV og Hröð-Byrjun greiðslan getur verið mismunandi eftir löndum.
Vinsamlegast hafðu samband við þína Nu Skin Enterprises staðarskrifstofu fyrir frekari upplýsingar.
Kaup og sala á Hröð-Byrjun vörupökkunum er valfrjáls.



MÖGULEIKAR Á ÞÓKNUN

Sem dreifingaraðili getur þú þénað:

- Allt að 30% hagnað á smásölu.
- L1 bónus sem er 5% af öllu mánaðarlegu PSV frá öllum dreifingaraðilum og neytendum sem þú hefur sjálf/ur skráð inn.
- Hröð-Byrjun greiðslur frá allri sölu af Hröð-Byrjun vörupökkum.

VIÐSKIPTA RÁÐ

Skráðu inn viðskiptavinum og dreifingaraðila með (ADR) áskriftarkerfinu til þess að útbúa punktaflæði sem mun hjálpa þér við að styrkja og auka viðskipti þín.

SKREF 2 – FORRYSTA Í MÓTUN

GRUNNURINN AÐ ÞINNI FRAMTÍÐ

Byggðu upp söluhóp þinn og vertu stjórnandi með því að ljúka þriggja mánaða stjórnendaferlinu.

Kröfur fyrir 1. mánuð Leggðu fram Ásetningsbréf (LOI)*

Skilaðu lágmark 100 PSV og 1000 GSV

Kröfur fyrir 2. mánuð Verðandi stjórnandi (Q1)

Skilaðu lágmark 100 PSV og 1500 GSV


Kröfur fyrir 3. mánuð Verðandi stjórnandi (Q2)

Skilaðu lágmark 100 PSV og 2000 GSV

Til þess að geta fengið þóknun, þurfa dreifingaraðilar í LOI-mánuði og þar fyrir ofan að hafa mánaðarlegt ADR sem inniheldur a.m.k 50 punkta eftir afslátt í þeirra eigin mánaðarlegu punktum.



SMÁSÖLU-VIDSKIPTAVINUR



*Í fyrsta skipti sem dreifingaraðili nær 1000 punktum í hóp (GSV) verður LOI sjálfkrafa lagt inn. Ekki er þörf á frekari skjalavinnu. Ef dreifingaraðili hefur áður lagt fram LOI og óskar eftir að komast aftur í stjórnandaferlið, verður dreifingaraðilinn að leggja fram nýtt LOI til fyrirtækisins.

ATH! Eftirfarandi tafla á blaðsíðunni á móti útskýrir hver telur hvern, þar sem dreifingaraðilar, LOI og verðandi stjórnendur fá ekki punkta frá þeim í hópum sínum sem eru stjórnendaferlinu.

MÖGULEIKAR Á TEKJUM

Á meðan stjórnendaferlinu stendur getur þú unnið þér inn:

- Allt að 30% hagnað á smásölu.
- L1 bónus sem er 5% af öllum mánaðarlegu PSV hjá dreifingaraðilum og neytendum sem þú sjálf/ur hefur skráð inn.
- Hröð-Byrjun greiðslur frá sölu Hröð-Byrjun vörupakkanna.
- Hlutir í Mega Performance bónuspottinum sem nær um allt svæðið. (Þetta er viðbót við þóknunarkerfið. Sjá nánar á bls.10.)

Hver telur hvern

Eftirfarandi tafla útskýrir hverja í hóp þínum þú getur talið með í þínu GSV meðan á stjórnandaferlinu stendur og fyrir viðbótarbónusa.

ÞINN TITILL

TITILL Í HÓP

	Dreifingaraðili	1. mánuður (LOI)	2. mánuður (Q1)	3. mánuður (Q2)	Stjórnandi	Tímabundinn stjórnandi
Dreifingaraðili	*	*	*	*	*	*
1. mánuður (LOI)	*	*	*	*	*	*
2. mánuður (Q1)					*	*
3. mánuður (Q2)					*	*
Stjórnandi						
Tímabundinn stjórnandi						

MÖGULEIKAR Á TEKJUM

Þegar þú hefur lokið stjórnandaferlinu á árangursríkan hátt og orðið stjórnandi getur þú unnið þér inn:

- Það sama og á meðan stjórnandaferlinu stendur

ÁSAMT

- Mánaðarlegan stjórnendabónus (EB) af samtals punktum þínum í hóp (GSV).

Til þess að geta fengið þóknun, þurfa dreifingaraðilar í LOI-mánuði og þar fyrir ofan að hafa mánaðarlegt ADR sem inniheldur a.m.k 50 punkta eftir afslátt í þeirra eigin mánaðarlegu punktum.

STJÓRNENDABÓNUS

ÞITT GSV:	ÞÚ ÞÉNAÐ:
2,000 – 2,999	9%
3,000 – 4,999	10%
5,000 – 9,999	11%
10,000 – 14,999	12%
15,000 – 24,999	13%
25,000 – 49,999	14%
50,000 +	15%

SKREF 3 – HINN BYLTINGARKENNDI AUÐÆFAUKI NU SKIN ENTERPRISES

TRYGGIR SEM HÆSTU ÚTBORGUN TIL ÞÍN

Þegar þú hefur náð stjórnendatitlinum munt þú njóta kosta hins byltingarkennda auðæfauka NSE. Þessi nýjung inniheldur tvo greiðslumöguleika og **færð þú sjálfkrafa greitt í gegnum þann útreikni sem gefur þér hæstu innkomuna í hverjum mánuði.**

Þegar dreifingaraðilar í þínum hópi búa til sína eigin hópa og ljúka stjórnandaferli á viðunandi hátt teljast þeir sem Breakaway stjórnendur. Ef það eru engir aðrir stjórnendur milli þín og þessa Breakaway stjórnenda, burt séð frá fjölda hæða dreifingaraðila milli ykkar teljast þeir sem þínir fremstu hæðar Breakaway stjórnendur (frontline eða G1 stjórnendur).

Punktaaukning

Þú munt fá auka stjórnandabónus (EEB) ÁSAMT tvöföldum 1.kynslóðar (G1) bónus (DBLG1)

AUKA STJÓRNENDABÓNUS (EEB)	
ÞITT MINNSTA GSV	BÓNUS
3,000	5% þóknun af þínu GSV
+	
TVÖFALDUR 1.KYNSLÓÐAR (G1) BÓNUS (DBLG 1)	
ÞITT MINNSTA GSV	BÓNUS
3,000	10% þóknun á G1 sölupunktum

Til þess að geta nýtt punktaaukninga útreikningin verður þú að hafa a.m.k. 3000 GSV. Ef punktar þínir eru á milli 2000 og 2999 muntu fá 2,5 % Breakaway bónus og munt ekki móttaka EEB eða tvöfalda G1 bónusinn.

Dýptaraukning

Pú færð Breakaway stjórnendabónusinn.

Pú þénar allt að því sem samsvarar 5% af þínum Breakaway stjórnendahópum niður allt að 6 kynslóðir (G1-G6) í hóp þínum.

PINNATITLAR

	Gold	Lapis	Ruby	Emerald	Diamond	Blue Diamond
Tala fyrstu kynslóðar breakaway stjórnenda						
	1	2 3	4 5	6 7	8 9 10 11	12
G1	5%	5%	5%	5%	5%	5%
G2						
G3						
G4						
G5						
G6						


Dæmi um auðæfaaukningar bónusgreiðslu

Í dæminu hér að neðan munt þú fá smásölulaun þín, Hröð-Byrjun greiðslurnar, L1 og EB ásamt þeirri greiðslu sem við á frá annað hvort punkturnum eða Dýptaraukningunni.

PUNKTAAUKNING	
EBB með 5%	\$150
DBLG1 með 10%	\$1200
Samtals	\$1350

EDA

DÝPTARAUKNING	
G1 með 5%	\$600
G2 með 5%	\$300
Samtals	\$900



Fyrirtækið notar ERM til þess að breyta sölupunktum í þóknun í það gengi sem á við. ERM er staðlað gengi erlendra gjaldmiðla gegn bandaríkjadal sem er aðalgjaldmiðill NSE. Vinsamlegast hafðu samband við þína Nu Skin staðarskrifstofu til að fá frekari upplýsingar um núverandi ERM fyrir þinn markað.

KRÖFUR TIL AÐ HALDA STJÓRNENDATITLI

Stjórnandi þarf að mæta mánaðarlegum kröfum til að halda stjórnendatitlinu sem er lágmark 100 PSV og 2,000 GSV til að halda stjórnendatitli og til þess að fá stjórnendabónusa. Ef þú ert stjórnandi og vilt fá þóknun, þarft þú að hafa mánaðarlegt ADR sem inniheldur a.m.k. 50 PSV fyrir afslátt í þínum eigin mánaðarlegum punktum.

Í fyrsti skipti sem GSV er undir 2000 punktum mun grár mánuður vera veittur. Á meðan á þessum frímánuði stendur mun stjórnandinn fá L1 bónusinn ef hann er með 100 PSV sem inniheldur ADR a.m.k. 50 PSV eftir afslátt, sem og Hröð-Byrjun greiðslurnar og smásöluhagnað en ekki stjórnendabónusa. Hver stjórnandi hefur rétt á einum gráum mánuði á 12 mánaða tímabili. T.d. ef stjórnandi tekur gráan mánuði í maí, getur hann tekið næst gráan mánuði í maí á næsta ári.

Stjórnandi sem nær ekki að mæta þeim kröfum sem gerðar eru og hafa nú þegar notað gráa mánuðinn munu verða titlaðir sem tímabundir stjórnendur. Tímabundir stjórnendur eru taldir til stjórnenda fyrir ættartölu hópsins: þeir teljast til Breakaway stjórnenda fyrir upplínu þeirra en GSV er ekki talið með í GSV upplínu og þeirra Breakaway stjórnendur rúlla ekki upp til upplínustjórnanda. Tímabundinn stjórnandi heldur öllum sínum stjórnendum ásamt því að teljast sem breakaway stjórnandi hjá sinni upplínu. GSV tímabundna stjórnandans telst ekki með í GSV upplínustjórnandans.

Hægt er að fá stöðu tímabundins stjórnanda einu sinni á ferli hvers og eins stjórnanda. Tímabundinn stjórnandi getur fengið greitt L1 5% bónusinn í allt að þrjá samfellda mánuði sem og Hröð-Byrjun greiðslurnar og smásöluhagnað en ekki stjórnendabónusana. Ef tímabundni stjórnandinn mætir kröfum sem gerðar eru til að halda stjórnendatitlinum á þessum þremur mánuðum, mun hann undir eins verða uppfærður sem stjórnandi og fá greitt sem slíkur í sama mánuði.

Ef tímabundinn stjórnandi er uppfærður til stjórnanda en nær ekki að viðhalda titlinum og hefur nú þegar notað gráa mánuðinn mun hann falla niður í dreifingaraðila (fallinn dreifingaraðili eða "DEXEC").

Þeir sem falla frá stjórnanda í dreifingaraðila og fara í gegnum stjórnendaferlið aftur og standast það, þurfa að bíða a.m.k. 12 mánuði til að geta notað tímabundna stjórnendatitilinn aftur. Ef fallinn stjórnandi notar endurhæfingaráætlunina (sjá endurhæfingaráætlun stjórnenda hér að neðan fyrir frekari upplýsingar) til að halda stjórnendatitli hefur sá hinn sami ekki rétt á að nota aftur tímabundna stjórnendatitilinn. Endurhæfingaráætlunin gerist sjálfkrafa. Í þeim tilfellum sem stjórnandi hefur nú þegar notað tímabundna stjórnendatitilinn og vill nota hann aftur (eftir 12 mánaða biðtímabilið og hann vill ekki fara í gegnum endurhæfingaráætlunina) verður hann að láta sinn Account Manager vita skriflega áður en endurhæfingartímabilinu er lokið svo að beiðnin geti tekið gildi. Með þessum möguleika munu fyrrum breakaway-stjórnendur og dreifingaraðilar í stjórnendaferlinu geta "brotnað" frá fyrstu hæfu upplínu þess sem sem óskar eftir beiðninni.

Endurhæfingaráætlun stjórnenda:

Stjórnendur munu vera krafdir um að ljúka öllu stjórnendaferlinu aftur til að öðlast aftur stjórnendatitil. Ef fallni stjórnandinn endurheimtir titil sinn innan sex mánaða frá því að hann féll niður, mun hann endurheimta sína Breakaway stjórnendur. Endurhæfingaráætlunin er aðeins í boði einu sinni á hverjum stjórnendaferil.

BLUE DIAMOND BUSINESS BUILDER REIKNINGUR



Blue Diamond Business Builder Position reikningur (BBP) mun vera stofnaður fyrir Blue Diamond stjórnendur þegar þeir hafa náð og viðhaldið Blue Diamond titlinum (lágmark 12 stjórnendur á fremstu hæð (G1)) samfellt í tvo mánuði.

Þessi spennandi BBP reikningur er settur á fyrstu hæð þína og gerir þér kleift að fá viðbótarpóknun á solumagni nýskapaðra hópa. (BBP telst ekki sem fremstu hæðar Breakaway stjórnandi ef tilgangurinn er að viðhalda pinnatitli þínum). BBP reikningurinn getur ekki safnað PSV eða sölupunktum til þess að fá L1 eða aðra bónusa með undantekningu á Breakaway bónus. Allir punktar BBP reikningsins munu rúlla upp á aðalreikninginn (Blue Diamond stjórnanda reikninginn).

Þegar nýir dreifingaraðilar skrá sig undir þessum BBP og þú þjálfar þá til Breakaway stjórnanda getur þú þénað allt að 5% auka Breakaway bónus á þessari nýju kynslóð stjórnenda.

Þú heldur BBP reikningnum þínum svo lengi sem þú mætir Blue Diamond Executive kröfunum. Ef kröfunum er ekki mætt er BBP reikningurinn lagður niður og allir Breakaway stjórnendur undir honum verða færðir á G1 til þess að hægt sé að reikna út póknun.

GSV dreifingaraðila sem þú skráir undir BBP reikningi þínum mun vera sameinað GSV frá venjulega Blue Diamond reikningi þínum vegna þeirra krafna sem gerðar eru til að viðhalda stjórnendatitli og til að ákvarða stjórnandabónusa.

Hafðu samband við þinn Account Manager til að fá frekari upplýsingar hvernig þú átt að stýra BBP reikningi þínum þegar þú verður Blue Diamond stjórnandi.



AMERÍKU, EVRÓPU OG SUÐUR-KYRRAHAFS MEGA PERFORMANCE BÓNUSPOTTURINN

Til viðbótar við Þóknunarkerfið veitir Mega Performance bónuspotturinn öllum þátttakendum möguleika á því að öðlast hluta af samtals sölu reiknaðri til þóknunar á mörkuðum NSE í Ameríku, Evrópu og á Suður-Kyrrahafssvæðinu. Þar sem þessi hvatning er ekki hluti af Þóknunarkerfinu getur henni verið breytt eða felld niður hvenær sem er með 30 daga fyrirvara frá fyrirtækinu.

Verðandi stjórnendur og stjórnendur eiga rétt á hluta byggðan á sölu reiknaðri til þóknunar frá Kanada, Evrópu, Ísrael, Rússlandi, Suður-Afríku, Suður-Kyrrahafi, Suður-Ameríku og Bandaríkjunum. Þátttakendur verða að uppfylla mánaðarlegar punkta kröfur til þess að halda pinnatitli sínum, hafa sína eigin (ADR) áskrift sem inniheldur a.m.k. 50 PSV eftir afslátt til að vinna sér inn hluta eins og tekið er fram hér að neðan.

Dreifingaraðilar í LOI mánuði (fyrsta mánuði stjórnendaferlisins) geta ekki unnið sér inn hlut og tekið þátt í þessum potti.



LÁGMARK MAGN HLUTA TIL AÐ TAKA ÞÁTT		
Hlutur eru unnir inn í hverjum mánuði og eru byggðir á eftirfarandi viðmiðun		
A.M.K. 4 HLUTIR FYRIR VERÐANDI STJÓRNENDUR	1 HLUTI =	<ul style="list-style-type: none">• 1 dreifingaraðili í hóp lýkur LOI mánuði*
A.M.K. 6 HLUTIR FYRIR STJÓRNENDUR	1 HLUTI =	<ul style="list-style-type: none">• 1 dreifingaraðili í hóp lýkur LOI mánuði* <p>EÐA</p> <ul style="list-style-type: none">• 1 dreifingaraðili í hóp sem lýkur 2. eða 3.mánuði (Q1 eða Q2) í stjórnendaferlinu

*GSV í LOI mánuði verður að vera skuldlaust, þ.e. GSV má ekki koma frá neinu öðru LOI í hóp til þess að geta talist sem hluti fyrir upplínu.

Upplýsingar fyrir Mega Performance Bónus Pott:

LOI og verðandi stjórnendur verða að vera frá einu af ofantöldum löndum til þess að teljast sem hluti fyrir upplínuna.

Dreifingaraðili í LOI mánuði verður að ná settum punktakröfum fyrir GSV án þess að þeir teljist með til annars hópmeðlims sem einnig er í LOI. Punktarnir munu teljast með fyrir upplínuna samkvæmt Hver telur hvern töfluna en hlutir fyrir pottinn munu aðeins vera byggðir á skuldlausum punktum. Það fer eftir bygginu hópsins en LOI getur bæði talist hluti fyrir verðandi stjórnanda og stjórnanda.

Dreifingaraðilar í LOI mánuði og verðandi stjórnendur verða að ná settum punktakröfum til að teljast sem hluti fyrir upplínu sína. Þátttakendur í pottinum mega aðeins teljast til og fá hluti fyrir LOI eða verðandi stjórnanda í hóp sínum einu sinni á sex mánuðum. Sem dæmi, ef upplínan fær LOI hluta í nóvember og dreifingaraðilinn lýkur ekki stjórnandaferlinu en sendir inn nýtt LOI í marsmánuði, mun upplínan ekki fá greitt af LOI hluta í mars.

Verðgildi bónuspottsins sveiflast milli mánaða vegna fjölda áunninna hluta, af þátttakendum pottsins og samtals sölu reiknaðir til þóknunar frá þeim mörkuðum sem taka þátt. Samtals prósentuhluti af sölu reiknaðri til þóknunar frá þeim mörkuðum sem taka þátt er deildur með þeim áunnum hlutum til að reikna út gildi hvers hlutar. Pottinum er skipt eftir fjölda hluta og fær hver og einn greitt eftir fjölda áunna hluta.



GLÓSUR

ADR - Sjálfvirkt áskriftarkerfi: Veldu þér sjálfvirka áskrift af Nu Skin Enterprises vörum eða mánaðarlegt framlag til Nourish the Children® og fáðu umtalsverðan afslátt fyrir hollustu þína.

Audæfaauki: Bónusreiknir sem er hluti af Þóknunarkerfinu og mun sjálfkrafa borga út þann hærra af tveimur mögulega útreiknuðum bónusum: Punktaaukning (inniheldur auka stjórnenda bónus + tvöfaldur G1-bónus) EÐA dýptaraukning (inniheldur Breakaway stjórnenda bónus).

BEB: Breakaway stjórnenda bónus er bónus sem er allt að 5% af sölupunktum á hverri kynslóðarhæð byggðir á fjölda G1 Breakaway stjórnendum (sjá töflu fyrir 3.skref). Til þess að fá þennan 5% bónus verður stjórnandinn að hafa a.m.k. 3000 GSV. Ef GSV er á milli 2000 og 2999 mun Breakaway stjórnandinn fá greitt því sem samsvarar 2,5% af sölupunktum Breakaway stjórnendum á G1 til G6 þann mánuðinn.

Breakaway stjórnandi: Dreifingaradili sem hefur lokið stjórnendaferli og "brotnað frá" upplínu sinni sem þýðir að sölupunktur þessa nýja stjórnanda og hóps hans teljast ekki lengur til GSV upplínunnar. Þegar þetta gerist getur upplínustjórnandinn fengið Breakawaybónus af GSV nýrra stjórnenda sinna. Til að endurheimta Breakaway stjórnanda verður upplínu-stjórnandinn að hafa hafið stjórnendaferlið áður en Breakaway stjórnandinn rúllar upp.

DBLG1: Tvöfaldur G1 bónus er bónus sem gefur 10% af öllu samtals GSV hjá G1 stjórnendum. Til þess að fá 10% tvöfaldann G1 bónus verður stjórnandinn að hafa a.m.k. 3000 GSV. Þessi bónus er aðeins greiddur í samræmi við Punktaaukningar reikninn ef hann gefur hærra greiðslu af þeim tveimur möguleikum sem í boði eru.

DEXEC: Fallinn stjórnandi er stjórnandi sem ekki hefur náð að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til stjórnanda og er í því ferli að vera settur niður sem dreifingaradili. Þetta gerist venjulega þegar titillinn Tímabundinn stjórnandi hefur þegar verið notaður á stjórnendaferlinum.

EB: Stjórnenda bónus er bónus af þínu mánaðarlega GSV. Stjórnendabónusinn getur verið frá 9% til 20% allt eftir samtals GSV.

EEB: Auka stjórnenda bónus er bónus sem veitir þér auka 5% innkomu af GSV þínu. Til þess að geta fengið þennan auka 5% stjórnenda bónus verður stjórnandinn að hafa a.m.k. 3000 GSV (sjá töflu fyrir 3.skref). Þessi bónus er aðeins greiddur út í samræmi við Punktaaukningar reikninn ef hann gefur hærra greiðslu af þeim tveimur möguleikum sem í boði eru.

Endurhæfing stjórnanda: Áætlun sem fallnir stjórnendur fara í til þess að endurheimta stjórnendatitill sinn og þurfa

þeir að fara í gegnum stjórnendaferlið aftur. Ef reikningur sem var eitt skipti titlaður sem stjórnandi fer í gegnum stjórnendaferlið og nær því innan 6 mánaða mun hann endurheimta aftur fyrri Breakaway hóp sinn. Á meðan reikningur getur farið eins oft í stjórnendaferlið og hann vill, er aðeins hægt að endurheimta einu sinni á ferlinum allan Breakaway hóp sinn og það er aðeins hægt á fyrstu sex mánuðum eftir að hafa fallið niður í dreifingaradila.

G1: 1.kynslóð vísar til þinnar fyrstu kynslóðar af Breakaway stjórnendum.

Grár mánuður: Ef stjórnandi nær ekki að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til að viðhalda stjórnendatitli getur hann tekið frímánuð en haldið titli sínum. Hver stjórnandi hefur rétt á einum gráum mánuði á 12 mánaða tímabili. T.d. ef þú tekur gráan mánuði í maí, getur þú næst tekið gráan mánuð í maí á næsta ári. Stjórnenda bónusar verða ekki greiddir út á meðan frímánuðinum stendur. Stjórnandi getur fengið L1 bónusinn á meðan á frímánuði stendur ef hann mætir þeim kröfum sem gerðar eru til virks aðila.

GSV: Punktur í hóp er samblanda af öllu þínu PSV í hóp þínum ásamt þínu eigin fyrir einn mánuði.

GSV sem rúllar upp: Þegar fyrstu hæðar Breakaway stjórnandi (G1) fellur niður í dreifingaradila mun GSV þessa fallna Breakaway stjórnanda rúlla upp til GSV upplínunnar. Hluti GSV sem kemur frá föllnum Breakaway stjórnanda er kallað "GSV sem rúllar upp." Þetta á aðeins við upplínur sem hafa Breakaway stjórnenda í þeim mörkuðum sem ekki taka þátt í PEXEC áætluninni. GSV fallna stjórnandans (DEXEC) mun ekki rúlla upp fyrr en í þeim mánuði sem hann er titlaður sem dreifingaradili.

Hópur: Fyrir þá sem ekki eru stjórnendur samanstendur hópurinn af öllum smásöluviðskiptavinum, neytendum og dreifingaradilum. Fyrir stjórnendur samanstendur hópurinn af öllum smásöluviðskiptavinum, neytendum, dreifingaradilum og verðandi stjórnendum.

Hröð-Byrjun greiðslur: Hægt er að vinna sér inn Hröð-Byrjun greiðslu með því að selja Hröð-Byrjun vörupakka sem eru samþykktir af fyrirtækinu til nýrra neytenda og dreifingaradila.

Kröfur til þess að vera virkur: Til þess að móttaka bónusa skilgreinda í Þóknunarkerfinu þarf að hafa 100 PSV og gera fimm smásöluþantanir í hverjum mánuði. Verðandi stjórnendur og þar fyrir ofan verða einnig að hafa mánaðarlega ADR-pöntun sem inniheldur a.m.k. 50 PSV eftir afslátt í heildar PSV sínu til þess að mæta mánaðarlegum kröfum sem teknar eru fram í Þóknunarkerfinu og til þess að geta fengið bónusa.

L1: 1.Hæð inniheldur alla þá, óháð titli, sem eru skráðir inn af dreifingaraðila.

L1 (1.hæðar) bóonus: 5% bóonus byggðan á PSV hjá öllum þeim sem þú hefur sjálf/ur skráð inn. L1 bóonusinn er aðeins greiddur út til þeirra dreifingaraðila sem uppfylla kröfur gerðar til virkra aðila.

LOI: Ásetningsbréf er bréf sem sýnir ásetning dreifingaraðila í að verða stjórnandi. Í Bandaríkjunum og Evrópu er ekki lengur þörf á formlegu bréfi. Dreifingaraðili mun sjálfkrafa fara í stjórnendaferlið þegar hann nær kröfunum fyrir fyrsta mánuðinn (nefnt sem LOI mánuður). Á meðan þessum fyrsta mánuði stjórnendaferlisins stendur er dreifingaraðillinn oft kallaður "LOI". LOI er ekki það sama og verðandi stjórnandi (Q1, Q2) þó að það bæði er í ferlinu að verða stjórnandi. Ef dreifingaraðili hefur hafið stjórnendaferlið áður og vill skrá sig á ný, þarf hann að fylla út formlegt LOI bréf og senda það til fyrirtækisins.

Mega Performance Bónus potturinn: Verðandi stjórnendur og stjórnendur geta unnið inn hlut byggðan á sölu reiknaðri til þóknunar frá Ameríku, Evrópu og Suður-Kyrrahafssvæðunum í gegnum Mega Performance bóonus pottinn. Mega Performance bóonus potturinn inniheldur mánaðarlega sölu reiknaða til þóknunar frá Bandaríkjunum, Kanada, Evrópu, Rússlandi, Ísrael, Suður-Afríku og Suður-Kyrrahafinu.

Neytandi: Neytandi er aðili sem ekki er titlaður sem dreifingaraðili en getur keypt vörur frá fyrirtækinu á afsláttarverði.

PEXEC: Tímabundinn stjórnandi er stjórnandi sem hefur ekki mætt kröfum sem gerðar eru til að viðhalda stjórnendatitli og hefur nú þegar notað gráan mánuð. PEXEC heldur öllum Breakaway stjórnendum sínum og til viðbótar telst hann til Breakaway stjórnenda fyrir upplínu sína. GSV tímabundins stjórnanda er ekki talið með í GSV upplínu hans. Reikningur getur verið titlaður sem PEXEC í þrjá samfellda mánuði. Ef PEXEC nær stjórnendakröfunum mun hann vera samstundis titlaður sem stjórnandi í þeim mánuði sem hann náði kröfunum.

PSV: Þínir eigin punktar í formi vara og þjónustu sem þú hefur keypt af fyrirtækinu, aðallega til eigin notkunar eða til smásölu. PVS inniheldur punkta frá kaupum sem þú hefur gert beint frá fyrirtækinu sem og frá þínum eigin smásöluviðskiptavinum.

QEXEC: Verðandi stjórnandi (Q1, Q2) er dreifingaraðili sem hefur staðist fyrsta mánuðinn í stjórnendaferlinu með árangursríkum hætti (LOI mánuður) og er nú á leið til að verða stjórnandi fyrir NSE (sjá töflu í 2.skrefi fyrir mánaðarlegar kröfur).

Smásöluviðskiptavinur: Smásöluviðskiptavinur er ekki dreifingaraðili en kaupir vörur á smásöluverði frá dreifingaraðila eða frá fyrirtækinu. Punktar frá vörukaupunum gerðar í gegnum fyrirtækið af smásöluviðskiptavinum skráðum á dreifingaraðilareikning

teljast til PSV stuðningsaðilans.

Stjórnandi sem rúllar upp: Breakaway stjórnandi sem er á G1-G6 rúllar upp til næsta hæfa stjórnanda vegna þess að hans upplínustjórnandi náði ekki að halda stjórnendatitli sínum. Til að endurheimta Breakaway stjórnanda verður upplínu-stjórnandinn að hafa hafið stjórnendaferlið áður en Breakaway stjórnandinn rúllar upp.

Stuðningsaðili: Dreifingaraðili sem sjálfur skráir inn aðra dreifingaraðila eða neytendur á 1.hæð (L1) sína.

Bónun: Upphæð sem byggir á vörusölu þinni sem þú færð greitt út.

Athugasemdir:

- Til þess að geta fengið bóonusa verður þú að gera a.m.k. 5 smásöluþantanir í hverjum mánuði. Þú verður að halda allar skrár yfir smásölu í a.m.k. fjögur ár.
- Fyrirtækið fylgist með heldni smásölu af handahófi.
- Hver vara sem keypt er í gegnum ADR af aðila sem ekki er dreifingaraðili eða neytandi mun sjálfkrafa verða talin mánaðarlega til smásölu.
- Engir bóonusar eru greiddir fyrir skráningu nýliða. Eina leiðin til að vinna sér inn bóonusa er sala vöru.
- Allir bóonusar eru reiknaðir út mánaðarlega og lagðir inn á bankareikning í kringum 25. næsta mánaðar.



NU SKIN®
THE DIFFERENCE. DEMONSTRATED.™

www.nuskin europe.com